

**L Ö G****um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra er:

1. Að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista, þjónustuhúsnaðis aldraðra og hjúkr-unarrýmis fyrir aldraða, sbr. 17. og 18. gr.
2. Að veita styrki til breytinga, endurbóta og viðhalds á stofnunum aldraðra sem eru í rekstri við gildistöku þessara laga.
3. Að styðja sveitarfélög, einkum dreifbýlissveitarfélög, til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana fyrir aldraða sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst.
5. Önnur verkefni sem sjóðstjórn ákveður og heilbrigðisráðherra samþykkir.  
Heimilt er að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna skv. 3., 4., og 5. tölul. 1. mgr.

## 2. gr.

Síðari málslíður 2. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. mars 1991.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*